

FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ



HANDBÓK
ÍPRÓTTAFÉLAGSINS FYLKIS

2024

EFNISYFIRLIT

Inngangur	2
Úrdráttur úr sögu Fylkis	2
Skipulag félags	9
Skipurit	9
Samþykktir félagsins	9
Markmiðasetning	10
Skipun stjórnar og hlutverk stjórnarmanna	11
Persónuverndarstefna	14
Umgjörð þjálfunar og keppni	14
Þjálfarar	15
Félagsstarf	16
Atburðadagatal	17
Foreldrastarf	17
Fræðsla og forvarnir	18
Jafnréttismál	21
Umhverfismál	23

INNGANGUR

Íþróttafélagið Fylkis er hverfisfélag í Reykjavík sem býður upp á fjölbreytt og skemmtilegt starf fyrir börn og unglinga. Einnig er starfrækt innan félagsins afreksstarf.

Þessi handbók er gerð fyrir þá er koma að starfi Íþróttafélagsins Fylkis. Hún er upplýsingabók og segir frá starfi, skipulagi, stefnu og markmiðum félagsins. Aðilar sem koma að starfi félagsins geta hér fundið upplýsingar um starfið og nýtt sér í sínum verkefnum fyrir félagið.

Með þessari samantekt er það von forsvarsmanna félagsins að starfið verði markvissara og betra sem mun þá leiða til betri þjónustu við iðkendur.

ÚRDRÁTTUR ÚR SÖGU FYLKIS

Félagssvæði íþróttafélagsins Fylkis er miðsvæðis í Árbæjarhverfi og innan Elliðaárdals. Upphaf stofnum félagsins má rekja til ársins 1954 þegar Framfarafélag Selás og Árbæjar (FSÁ) var stofnað. Félagið var m.a. tengiliður milli fólksins og yfirvalda sem var til hagsbóta fyrir alla íbúa hverfisins. Árið 1967, þann 28.maí var svo félagið stofnað en hét fyrstu þrjú árin Knattspyrnufélag Seláss- og Árbæjarhverfis, KSÁ áður en nafninu var breytt í Íþróttafélagið Fylkir. Til að byrja með var engin íþróttaaðstaða í Árbæjarhverfi og því þurfti að fara óhefðbundnar leiðir í félagsstarfinu og gegndi Elliðaárdalurinn þá þýðingarmiklu hlutverki sem athafnasvæði. Skipulagðar voru göngu- og skokkferðir um dalinn jafnt fyrir yngri sem eldri og nutu þær mikilla vinsælda. Enn í dag skokka Fylkismenn um dalinn og skipulagðar gönguferðir eru á dagskrá með jöfnu millibili.

Með tilkomu byggðar í Ártúnsholti, syðri hluta Seláss og Norðlingaholti hefur umdæmi félagsins víkkað enn og er félagið nú þungamiðja í íþróttastarfi fjölda ungmenna úr þessum byggðum. Skráðir félagar í Fylki eru á 4000 talsins á öllum aldri og eru iðkendur nálægt 2000 í byrjun árs 2016. Innan félagsins eru núna starfandi fimm deildir þ.e. knattspyrnu-, handknattleiks-, fimleika-, karate- og blakdeild. Auk þessara deilda hafa í sögunni verið starfandi siglingardeild, skákdeild og körfuknattleiksdeild en þær eru ekki starfandi í dag.

Félagssvæði Fylkis er enn í uppbyggingu en hefur tekið á sig gróið yfirbragð sem fellur vel að umhverfinu. Fyrsta íþróttamannvirkið var malarvöllur sem gerður var árið 1973 en tveimur árum fyrr var íþróttahús við Árbæjarskóla tekið í notkun en það gjörbreytti starfi félgsins. Þarna átti Fylkir sinn eigin völl en enga fundar- eða félagsaðstöðu. Þetta gátu Fylkismenn ekki sætt sig við og reistu félagsheimili við völlinn. Var það gert að öllu leyti í sjálfboðavinnu og hver tími færður til bókar og eins hvað gert var hverju sinni. Það fóru hvorki fleiri né færri en fjögur þúsund og þrjú hundruð vinnustundir á tæpum fjórum mánuðum í byggingu hússins og var það vígt með viðhöfn 10. janúar 1976.

Fram að því höfðu fundir stjórna og félagsmanna verið haldnir í heimahúsum, búningaklefum og sumarhúsum svo fátt eitt sé nefnt. Reykjavíkurborg hóf byggingu vallarhúss félagsins árið 1977 og var það tekið í notkun 1978. Í húsinu voru, auk tveggja búningaklefa, skrifstofu og félagsaðstaða. Um tíma var þar gufubað.

Um miðjan níunda áratuginn eða árið 1987 hófst undirbúningur að gerð grasvalla hjá Fylki og var þá sá fyrri af tveimur tekinn í notkun, þó ekki að fullu. Fyrsti opinberi leikurinn á vellinum var 19. júní 1988. Þá fékk Fylkir Tindastól í heimsókn. Grasvallagerðinni lauk ekki fyrr en 1991. Stórt og myndarlegt íþróttahús var tekið í notkun árið 1995. Lætur það fremur lítið yfir sér þrátt fyrir að vera 2700 fm að grunnfleti. Húsið gjörbreytti aðstöðu félagsins og er það í notkun nánast alla daga ársins frá morgni til kvölds. Árið 2004 var lagður gervigrasvöllur yfir gamla malarvöllinn ásamt litlum velli að stærð 20m x 40m. Vellirnir eru bæði upphitaðir og upplýstir. Mikil bragabót var gerð á aðstöðu félagsins árið 2010 þegar lðnaðar og verslunarhúsnæði við Norðlingabraut var breytt í íþróttahús fyrir starfssemi karate- og fimleikadeildar. Árið 2014 var svo lokið við að setja þak á stúkuna við aðalfótboltavöll félagsins en framkvæmdir við stúkuna hófust árið 2001.

Um Fylkissvæðið liggja mikilvægar gönguleiðir að skóla og sundlaug. Ýmsar uppákomur Fylkismanna ná út fyrir félagsrammann, svo sem Árbæjarhlaup Fylkis, Herrakvöld Fylkis, Góugleði, Villibráð og hin árlega áramótabrenna sem upphaflega var á Brennuhóli en er núna við Rauðavatn.

Sagan í stuttu máli

1954 Framfarafélag Seláss- og Árbæjarhverfis FSÁ stofnað.

FSÁ voru samtök fólks sem hafði trú á því sameinuð næðu þau málum fremur fram en hvert fyrir sig. Félagið reyndist vel og beitti sér með góð árangri í fjölmörgum málum. FSÁ var einnig tengiliður milli fólksins og yfirvalda sem var til hagsbóta fyrir alla.

1967 Knattspyrnufélag Seláss- og Árbæjarhverfis, KSÁ, stofnað.

Að sjá börnum og unglingum í hinu unga og ört vaxandi hverfi fyrir aðstöðu til iðkunar hollrar og uppbyggilegrar afþreyingar þótti það stór málaflökkur að þeim málum væri betur fyrir komið í sérstöku félagi

1969 Handboltinn byrjar.

Tveimur árum eftir stofnun Fylkis hófust æfingar í handbolta á vegum félagsins í litlum sal undir gömlu stúkunni við Laugardals-völlinn og í Hálogalandi.

1970 Nafni félagsins breytt í Íþróttafélagið Fylkir.

Fljótlega kom í ljós að fleiri íþróttagreinir en knattspyrnan áttu sér áhangendur í félaginu þannig að óhjákvæmilegt var að breyta nafninu. Mjög faglega var að nafnbreytingunni staðið. Mörg nöfn komu til greina en þetta varð niðurstaðan.

1971 Íþróttahús Árbæjarskóla tekið í notkun.

Með tilkomu íþróttshúss Árbæjarskóla gjörbreyttist starf Fylkis. Í dag þykir mörgum íþróttasalur Árbæjarskóla ekki boðlegur til æfinga en fyrir rúmum 40 árum skipti hann sköpum fyrir íþróttafélag sem enn var að slíta barnsskónum og án efa varð hann til þess að starf félagsins lagðist ekki af.

Fyrsti titillinn sem Fylkir státar af kom í handboltanum, Reykjavíkúrmeistaratitill í 3. flokki kvenna 1971

1972 Félaginu skipt í tvær deildir Handknattleiks- og Knattspyrnudeild.

Smávægilegur áherzlumunur er á þessum boltagreinum þannig að heppilegra þótti að skilja þær að og hvor grein væri með sína stjórn. Félagið var þá orðið þrjár einingar: Aðalstjórn, handknattleiksdeild og knattspyrnudeild.

Formlega urðu þessar breytingar gerðar á framhaldsaðalfundi félagsins 5. mars 1972.

Fyrsti formaður handknattleiksdeildar var Vilhjálmur Vilhjálmsson og fyrsti formaður knattspyrnudeildar Óskar Sigurðsson.

1973 Fyrsta blaðið og fyrsti völlurinn.

Vonir stóðu til að malarvöllurinn yrði tilbúinn 1972 á 5 ára afmæli félagsins og í tilefni afmælisins ætluðu menn að gefa út blað. En þetta hvorutveggja dróst og varð ekki að veruleika fyrr en 1973. Fylkir var þá eina Reykjavíkurfélagið sem átti sinn eigin heimavöll. Ekki voru neinir búningsklefar við völlinn fyrstu árin og var notast við búningsklefa íþróttahúss Árbæjarskóla .

1974 Fyrstu meistarar Fylkis í knattspyrnu.

5.flokkur C karla haustmótsmeistarar.

1974 Skák

Fylkir fór ekki varhluta af skákbyltingunni sem hófst í kjölfar „skákeinvígis aldarinnar“ sem var háð í Reykjavík 1972 milli Spasskys og Fischers. Veturinn 1974 voru áhugasamir skákmenn í hverfinu fengnir til að stýra vikulegum æfingum undir merkjum Fylkis og fóru þær fram í Árbæjarskóla. Til urðu skáksveitir Fylkis og telfdu þær fyrir hönd félagsins í ein tvö ár en þá lagðist þetta starf Af.

1976 Félagsheimilið

Fylkir átti sinn eigin völl en enga fundar- eða félagsaðstöðu. Þetta gátu Fylkismenn ekki sætt sig við og reistu félagsheimili við völlinn. Var það gert að öllu leyti í sjálfboðavinnu og hver tími færður til bókar og eins hvað gert var hverju sinni. Það fóru hvorki fleiri né færri en fjögur þúsund og þrjú hundruð vinnustundir á tæpum fjórum mánuðum í byggingu hússins og var það vígt með viðhöfn 10. janúar 1976. Fram að því höfðu fundir stjórna og félagsmanna verið haldnir í heimahúsum, búningsklefum og sumarhúsum svo fátt eitt sé nefnt.

1976 Fimleikadeild

Ekki liggur fyrir hvort stofnfundur Fimleikadeildar Fylkis 12. janúar 1976 hafi verið haldinn í nýja húsinu en það er líklegt. Æfingar hinna nýju deildar hófust strax í íþróttahúsi Árbæjarskóla með áhöldum sem deildin fékk að gjöf eða láni frá velunnurum félagsins. Fyrsti formaður deildarinnar var Sveinn Viðar Jónsson.

1976 Siglingadeild

Siglingadeild Fylkis var stofnuð um svipað leyti og Fimleikadeildin og hafði hún aðstöðu við Rauðavatn. Gekk rekstur deildarinnar með ágætum um nokkurt skeið, keyptur var búnaður til siglinga sem og geymsluskúr. Ekki náði Siglingadeildin að festa rætur og lagðist starf hennar að mestu niður við sviplengt fráfall stofnanda hennar og helstu driffjöður, Hafþórs Óskarssonar.

1977 Vallarhúsið (aðsetur knattspyrnudeildar)

Reykjavíkurborg hóf byggingu vallarhúsins 1977 og var það tekið í notkun 1978. Í húsinu voru, auk tveggja búningsklefa, skrifstofu og félagsaðstaða. Um tíma var þar gufubað, opnað 1. okt. 1979.

1977 Íslandsmeistarar í þriðju deild.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu varð Íslandsmeistari þriðju deildar og vann sér rétt til keppni í annarri deild

1978 Handboltinn á meðal þeirra bestu.

Vorið 1978 varð meistaraflokkur karla í handknattleik Íslands-meistarar annarrar deildar og vann með því sæti meðal þeirra bestu í efstu deild.

1982 Landið afhent.

Fylkir fékk land fyrir starfsemi félagsins formlega afhent 1982. Eftir talsverðar þreifingar við Reykjavíkurborg um byggingu íþróttahúss voru þau áform lögð til hliðar um hríð

1985 Foreldrastarfið hefst.

Skipulegt foreldrastarf í Fylki hefst um 1985 með stofnun unglíngaráðs knattspyrnudeildar og hefur það sýnt sig að árangur, hvort heldur á velli eða á félagslegum grunni, helst í hendur við foreldrastarfið. Eftir því sem foreldrarnir sýna starfinu og þar með börnunum meiri áhuga hefur þátttakendum fjölgað og betri árangur náðst.

1987 Fyrsti grasvöllurinn.

Um miðjan níunda áratuginn hófst undirbúningur að gerð grasvalla hjá Fylki og var sá fyrsti af þremur tekinn í notkun, þó ekki að fullu, vegna húsa sem stóðu á landi okkar Fylkismanna og Reykjavíkurborg átti eftir að fjarlægja. Fyrsti opinberi leikurinn á vellinum var 19. júní 1988. Þá fékk Fylkir Tindastól í heimsókn. Grasvallagerðinni lauk ekki fyrr en 1991.

1989 Fótboltinn í efstu deild.

Fylkir spilaði í fyrsta sinn í 1. deild (nú úrvalsdeild). Liðinu gekk ekki vel. Endaði í 9. sæti og féll um deild.

1991 Blakdeild

Starfsemi blakdeildar Fylkis hófst haustið 1991 og æfði hún í ýmsum íþróttahúsum í Reykjavík fyrstu tvö árin. Einu formlegu afskipti aðalstjórnar Fylkis af starfsemi deildarinnar voru á aðalfundum. Barna og unglíngastarf innan deildarinnar var ekkert fyrstu árin. Formlega var deildin stofnuð 16.12.93 og fyrsti formaðurinn var Halldóra Björnsdóttir.

1993 Körfuknattleiksdeild.

Æfingar í körfubolta hjá Fylki hófust í ársbyrjun 1993 en formlega var deildin stofnuð í febrúar 1994. Óhætt er að segja að starf deildarinnar hafi lofað góðu í byrjun. Áhugasamir foreldrar sátu í stjórn og iðkendum fjölgaði jafnt og þétt. Körfuknattleik var gert hátt undir höfði í fjölmiðlum og mikil vakning var hér á landi. Því miður lagðist starf deildarinnar af 1998. Ekki var hægt að mynda stjórn til að reka deildina. Síðast starfsárið var erfitt, mikill kostnaður og fáar hendur til að vinna verkin.

1993 Fótboltinn í efstu deild.

Meistaraflokkur Fylkis í knattspyrnu komst aftur upp í 1. deildina árið 1993 en líkt og 1989 endaði liðið í 9. sæti og féll um deild.

1995 Fylkishöll.

Í september 1995 var Fylkishöllin tekin í notkun (vígð 2. sept.) og frá þeim tíma hefur aðstaðan til æfinga og keppni batnað til mikilla muna og er nú engu síðri en hjá öðrum íþróttafélögum, jafnvel betri.

1996 Fótboltinn í efstu deild.

Enn sama sagan ,endudum í 9. sæti og féllum.

2001 Stúkan.

Framkvæmdir við gerð áhorfendapalla (stúku) hefjast við grasvöllinn og voru um helmingur steyptra palla teknir í notkun um vorið

2001 Bikarmeistarar.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu varð bikarmeistari 2001.

2001 Evrópuleikur.

Fyrsti Evrópuleikurinn í sögu Fylkis í knattspyrnu gegn Pogon Szczecin frá Póllandi.

2002 Bikarmeistarar.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu bikarmeistarar í annað sinn.

2004 Gervigrasvöllurinn.

Malarvöllurinn var tekinn undir gervigrasvöll og var, ásamt sparkvelli tekinn í notkun 18. september 2004.

2006 Evrópuleikur í handbolta.

Fyrsti Evrópuleikurinn í sögu félagsins í handbolta. Mótherjinn var TSV St. Omar frá Sviss.

2010 Fylkissel.

Iðnaðar og verslunarhúsnæði við Norðlingabraut var breytt í íþróttahús. Karate- og fimleikadeild Fylkis eru með aðstöðu þar.

2014 Skyggni yfir stúku.

Á vormánuðum 2014 var byggt þak yfir stúkuna og pöllum og sætum fjölgað.

SKIPULAG FÉLAGS

SKIPURIT

Skipurit sjá nánar á [heimasíðu félagsins](#)



SAMÞYKKTIR FÉLAGSINS

Skipulag félagsins byggir á lögum þess sem aðgengileg eru á heimasíðu félagsins: www.fylkir.is en þær voru samþykktar á aðalfundi félagsins. Allar þær lagabreytingar sem samþykktar eru á aðalfundi félagsins, eru sendar til ÍSÍ til samþykktar.

MARKMIÐASETNING

Íþróttaleg markmið

Fylkir vill efla líkamlegt og andlegt heilbrigði iðkenda sinna og stuðla þannig að bættri líðan barna jafnt sem fullorðinna á félagssvæði sínu.

Ungt fólk verði hvatt til að prófa mismunandi íþróttir og þannig verði unnið gegn brottfalli.

Fyrir yngri aldursflokka verði áhersla lögð á uppbyggilega skemmtun og leik samhliða grunnkennslu í öllum greinum félagsins. Eldri iðkendur geta valið milli þátttöku í afreksstefnu eða þátttökustefnu samkvæmt skipulagi viðkomandi deilda.

Allir á félagssvæði Fylkis skulu hafa sömu möguleika til iðkunar án tillits til fjárhagslegrar stöðu heimilis, búsetu, litarháttar, trúarbragða o.s.frv.

Uppeldisstefnan gengur út á að iðkendur taki þátt í sem flestum greinum félagsins. Þessari nýju stefnu er ætlað að skila ánægðari og heilbrigðari iðkendum, minnka brottfall þeirra á viðkvæmum aldurskeiðum og jafnframt að styrkja afreksstefnu félagsins til lengri tíma litið.

Þátttökustefnan gengur út á að iðkendur geti stundað íþróttir hjá félaginu án þess að þurfa að mæta 100% og án þess að taka þátt mótum sé það vilji iðkanda. Með því móti er hægt að lengja íþróttaiðkun þeirra iðkenda sem einhverra hluta vegna geta ekki stundað íþróttina 100%.

Afreksstefnan er fyrir þá einstaklinga sem skara framúr og stefna á að keppa fyrir Íslands hönd. Afreksstefnan er einnig mikilvæg til að búa til keppendur á hæðsta stigi sem keppa fyrir hönd Fylkis á hæðsta stigi á sterkustu mótum landsins.

Félagsstefnan er mikilvæg á öllu stigi starfsins þar sem hlutir eins og samvinna, samstaða og samkennd spila stóran þátt ásamt öðrum sem þarf að vera til staðar til að ná árangri í hóp. Markmið félagsstefnunnar er líka að öllum iðkendum líði vel og finni fyrir öryggi í starfi félagsins, nái líka að blómstra fyrir utan sjálfa íþróttaiðkunina.

Mannauðsmarkmið

- Öll störf þjálfara og starfsfólks sem og hlutverk eru skýrt afmörkuð og skilgreind
- Þjálfarar Fylkis eru með viðeigandi menntun og reynslu
- Starfsfólk Fylkis uppfyllir þær kröfur sem eru gerðar til starfa þess.
- Fjölga sjálfboðaliðum og finna verkefni við hæfi.

Rekstrarmarkmið

- Ábyrg fjármálastjórnun skal viðhöfð í öllum rekstri félagsins og deilda þess.

Aðstöðumarkmið

- Íþróttaaðstaða og aðbúnaður er í takt við það besta sem þekktist héraendis.

SKIPUN STJÓRNAR OG HLUTVERK

Aðalfundur félagsins skal haldinn fyrir lok maí ár hvert. Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess. Aðalstjórn Fylkis er kosin á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn skipa 7 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri, spjaldskrárritari og 2 meðstjórnendur. Formaður skal kosinn til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára í senn.

Meginhlutverk stjórnar félags eða deildar er að stýra starfsemi í samræmi við vilja félagsmanna eins og fram kemur í lögum félagsins, fundarsamþykktum, samþykktum stefnu og markmiðum.

Þá skal leitast við að byggja upp og viðhalda heilbrigðum félagsanda í þeim íþróttagreinum sem eru stundaðar hjá félaginu. Af einstökum verkefnum stjórnar má m.a. nefna:

Megin verkefni stjórnar eru:

- Að setja fram áætlanagerð fyrir almenna starfsemi og framkvæmdir til lengri og skemmri tíma
- Að móta hugmyndir og tillögur um ný viðfangsefni
- Að leysa vandamál sem upp kunna að koma
- Að framfylgja samþykktum og ályktunum
- Að fylgjast með að áætlanir og fjárhagur haldist í hendur
- Að taka á móti erindum sem berast og afgreiða þau
- Að undirbúa fundi og boða til þeirra
- Að skipta verkum með einstökum stjórnarmönnum, nefndum og félagsmönnum og samræma störf þeirra

Ábyrgðarmesta hlutverk stjórnarmanns er í höndum formanns félagsins og formanna deilda. Það er mjög mikilvægt að formaður hafi stjórnunarhæfileika og sinni starfi sínu af áhuga.

Varaformaður

Nauðsynlegt er fyrir formann félagsins að hafa staðgóða þekkingu á málefnum er varða þær íþróttagreinar sem eru stundaðar hjá félaginu.

Hið sama gildir um formenn einstakra deilda. Hann þarf einnig að hafa gott lag á því að skipta verkum með stjórnarmönnum þannig að allir hafi ákveðnum verkefnum að sinna. Þá þarf hann einnig að hafa yfirsýn yfir að verk séu unnin rétt og vel og tímamörk séu haldin.

Gagnkvæmt traust formanns og annarra stjórnarmanna er helsta forsenda þess að stjórnunarstarf beri árangur. Framkoma formanns og annarra stjórnarmanna, jafnt innan vallar sem utan, á að vera öðrum félagsmönnum fyrirmynd.

Megin verkefni formanns eru:

- Að koma fram fyrir hönd félags eða deildar og vera málsvari þess gagnvart öðrum aðilum
- Að undirbúa stjórnarfundir, sjá til þess að til þeirra sé boðað samkvæmt lögum félagsins og stjórna þeim samkvæmt framlagðri dagskrá hverju sinni
- Að sjá til þess að félagsmenn séu alltaf vel upplýstir um tilgang og markmið félags og deilda
- Að sjá til þess að lögum félagsins og samþykktum félagsfunda og aðalfunda sé framfylgt
- Að sjá til þess að öll erindi sem félaginu eða deildum berast séu afgreidd svo fljótt sem auðið er
- Að sjá til þess að starfsemi félags og deilda sé vel skipulögð og fari vel fram á öllum sviðum
- Að sjá til þess að sem flestir félagsmenn séu virkjaðir til starfa í félaginu og deildum þess
- Að félagsmönnum sé gefinn kostur á því að meta reglulega hvernig félagsstarfið gengur og hvort breyta þurfi um leiðir til að ná settum markmiðum
- Að hafa umsjón með samningum sem félagið gerir
- Að boða til funda í samvinnu við ritara

Starfsmannahald og samningar

Allir samningar fyrir hönd félagsins eða deilda þess skulu vera skriflegir.

Undir þetta fellur samningar við :

- leikmenn, þjálfara og aðra starfsmenn deilda
- allt starfsfólk íþróttafélagsins Fylkis
- styrktarsamningar
- auglýsingasamningar

og hvers konar samningar sem fela í sér fjárhagslega skuldbindingu fyrir félagið.

Alla skriflega samninga félagsins og deilda þess skal skrá hjá framkvæmdastjóra. Þar skal skrá dagsetningu samnings, hvaða deild gerir samninginn, hverjir samþykkja fyrir hönd félagsins/deildar, við hvern samningurinn er gerður, yfir hvaða tímabil hann nær og verðgildi samningsins. Framkvæmdastjóri hefur yfirumsjón með skránni. Ábyrgð og varðveisla skriflegra samninga er hjá framkvæmdastjóra og skal vera með þeim hætti að hann geti þannig fylgt eftir nauðsynlegu eftirliti með því að öllum skilyrðum um skráningu, meðhöndlun og efndum sé fullnægt.

Allir samningar við starfsfólk félagsins og deilda þess skulu vera skriflegir og gerðir á staðlað form sem aðalstjórn leggur til. Með undirritun á ráðningarsamningi staðfesta starfsmenn skyldu sína til að fara eftir þeim vinnureglum sem Íþróttafélagið Fylkir hefur varðandi starfsemi sína. Starfsfólk verður að uppfylla kröfur Reykjavíkurborgar varðandi skilyrði um ráðningu í störf með börnum og unglíngum.

Samningar við þjálfara eru í höndum stjórna deilda eða framkvæmdastjóra félagsins í umboði þeirra.

Fjármál

Markmið: Rekstur félags eins og Fylkis er margbrotinn og umfangsmikill. Margir koma að störfum, nefndir og ráð vinna fyrir mismunandi hópa og fjármunum er aflað og varið til margs konar verkefna. Þó svo að íþróttafélög séu ekki framtalsskyld og greiði ekki tekju- og eignarskatt, ber þeim að færa bókhald og standa skil á ýmsum gjöldum og skilafé.

Ábyrgur : Gjaldkerar deilda/framkvæmdastjóri

Lýsing: Starfsemi íþróttafélaga er undanþegin reglum sem gilda um virðisaukaskatt nema í þeim tilfellum þegar telja má að um samkeppnisrekstur sé að ræða. Þá er um að ræða viðfangsefni sem eru utan hina hefðbundnu íþróttastarfsemi.

Í því sambandi má nefna ýmsa sölustarfsemi, s.s á auglýsingum, veitingum og ýmsum vörum. Í þessum tilvikum verður að innheimta og greiða virðisaukaskatt af sölustarfseminni en á móti má draga frá virðisaukaskatt af keyptum aðföngum sem notuð eru.

Laun skulu samræmast kjarasamningum og jafnréttisáætlun og vera þau sömu fyrir sömu störf. Greiða skal tryggingargjald af launum launþega og mótframlagi í lífeyrissjóði auk þess sem halda þarf eftir og standa skil á staðgreiðslu launamanna. Bókhald félagsins nær til allra þátta í starfseminni og gildir einu hvort talað er um meistaraflokka eða starf við barna- og unglingaíþróttir. Hafa skal rekstur meistaraflokka aðskilinn rekstri barna og unglingastarfs.

Bókhalds og rekstrarumsýsla þarf því m.a. að ná til eftirfarandi þátta:

- Innheimtu og miðasölu
- Tekjur af miðasölu
- Tekjur og gjöld af sælgætissölu, veitingasölu o.þ.h.
- Dómarakostnaður
- Greiðslu til sérsambanda
- Æfinga- og keppnisferðir, barna, unglinga sem og fullorðinna
- Tekjur og gjöld vegna reksturs mannvirkja
- Fjárafilanir vegna tiltekinna verkefna sem renna til reksturs deilda að hluta eða öllu leyti.
- Tekjur og gjöld vegna útgáfustarfsemi
- Laun starfsmanna og verktakagreiðslur vegna aðkeyptrar þjónustu

Beinar fjárafilanir iðkenda eða foreldra sem renna beint til iðkenda sjálfra telst ekki hluti af bókhaldi félagsins. Gangi slík fjáröflun beint til félagsins fellur það að sjálfsögðu undir bókhald þess.

ÁBYRGÐ OG VERKSVIÐ

Markmið: Tryggja að meðferð fjármuna og bókhaldsmála félagsins séu eins og best verður á kosið

Ábyrgur : Aðalstjórn, stjórn deilda, umsjónarmenn flokka og framkvæmdastjóri

Lýsing: Hér að neðan er dregin fram ábyrgð og verk svið stjórnarmanna og starfsmanna er varðar bókhald og meðferð fjármuna

Aðastjórn:

- Umsjón með að reglum um bókhald og meðferð fjármuna sé fylgt.
- Eftirlit með að áætlanir og fjárhagur haldist í hendur.
- Eftirlit með skráningu fjárhagslegrar skuldbindandi samninga og samþykktir þeirra sbr. BL XX Meðferð samninga og skuldbindinga.

Stjórn deildar:

- Gerð fjárhagsáætlana fyrir hvert rekstrartímabil og reglubundið (a.m.k. ársfjórðungslega) eftirlit með framvindu þeirra.
- Áritun (staðfesting)reikninga.
- Skrá á fylgiskjöl óskir um sundurliðanir í bókhaldi, s.s vegna verkefna.
- Greiðsla á opinberum gjöldum, s.s. virðisaukaskatti og öðrum skuldum.
- Aðstoða við að innheimta æfingagjöld.
- Skil á fylgiskjölum og bókhaldsgögnum til skrifstofu aðalstjórnar.
- Varsla peningalegra eigna.

Umsjónarmenn flokka:

- Skil á fylgiskjölum og bókhaldsgögnum til skrifstofu aðalstjórnar.
- Áritun (staðfesting) reikninga.

Framkvæmdastjóri ípróttafélagsins:

- Innheimta æfingagjalda, félagsgjalda og annarra tekna.
- Gerð reikninga.
- Greiðsla reikninga.
- Fylgja eftir ógreiddum reikningum.
- Bókun reikninga í bókhald og afstemmingar.
- Útbúa fylgiskjöl vegna opinberra gjalda, s.s. vegna virðisaukaskatts.
- Útbúa ársuppgjör og milliuppgjör deilda og félagið í heild sinni.
- Yfirumsjón með samningum og fjárhagslegum skuldbindingum hverskonar.
- Miðlar upplýsingum um fjárhagsstöðu deilda og félagsins í heild sinni.
- Ávöxtun lausafjár og varasjóðs.

SKIL Á FJÁRMUNUM OG SKÝRSLU

Markmið:Upplýsingar í kafla þessum kafla miðast við reglur og ákvarðanir ríkisskattstjóra sem gilda frá 1.1.1999. Nauðsynlegt er að leita upplýsinga á hverjum tíma um breytingar.

Ábyrgur : Gjaldkerar deilda/framkvæmdastjóri

Lýsing: Hið opinbera:
Virðisaukaskattur:

Virðisaukaskattur reiknast af veltu sem flokkast til samkeppnisrekstrar, sjá bl. Xxx Rekstur ípróttafélaga. Skattskyldur aðili innheimtir virðisaukaskatt (útskatt) af allri sölu tengdri þeim rekstri, en við skil á skattinum er dreginn frá skattur (innskattur) sem hann hefur greitt vegna kaupa á aðföngum og kostnaði sem fellur beint til við öflun þessara tekna. Virðisaukaskattur er í tveimur þrepum 24,5% og 14%. Hvert uppgjörstímabil eru tveir mánuðir, (t.d. jan.febr.) og 5 hvers annars mánaðar þarf því síðar (þ.e. 5 apríl). Ef ekki er greitt á eindaga reiknast álag 1% af vangreiddri fjárhæð fyrir hvern byrjaðan dag eftir gjalddaga, þó ekki hærra en 10%. Skattinum skal skilað á þar til gerðum eyðublöðum sem ríkisskattstjóri sendir til þeirra sem hafa virkt virðisaukaskattsnúmer. Staðgreiðsla launamanna:

Staðgreiðsluskattur reiknast sem 38,54% (2002) af heildarlaunum að frádregnum persónuafslætti kr. 26.002.- per. mán (2002). Staðgreiðsla barna undir 16 ára er 6%. Stofn til greiðslu eru heildarlaun að frádregnu 4% framlagi laungreiðanda í lífeyrissjóð. Laungreiðandi er ábyrgur fyrir skilum. Gjalddagi er 15. næsta mánaðar eftir launamánuð þ.e. staðgreiðsla vegna janúar launa skal skila 15. febrúar. Við upphaf laungreiðslna skal senda inn tilkynningu til skattstjóra. Skila þarf skilagreinum inn þótt engin laun séu greidd í mánuði.

Tryggingargjald:

Tryggingargjald reiknast 5,23%(2002) af heildarlaunum, mótframlag í lífeyrissjóð og bifreiðastyrk launþega. Tryggingagjald greiðist með staðgreiðslusköttum.

Launamiðar:

Samkvæmt skattalögum er laungreiðanda skylt að afhenda skattayfirvöldum launamiða og launaframtal ár hvert. Launamiðum skal skila fyrir 21 janúar ár hvert. Fyrir almenna launþega eru heildarlaun, frádregin staðgreiðsla og lífeyrissjóður sett í viðeigandi reiti. Ef um verktaka er að ræða eru heildarlaun (með vsk ef um það er að ræða) sett í reit 06.

Aðrir aðilar:

Félags-, orlofs-, félagsheimila- og sjúkrasjóður:

Hér á eftir er miðað við % sem gildi hjá VR, en % geta verið mismunandi eftir stéttafélögum. Félagsgjöld reiknast sem xx% af heildarlaunum og eru dregin af launþega. Önnur gjöld til stéttafélaga sjúkrasjóður xx%, xxx% og félagsheimilasjóður xxx% greiðast af laungreiðanda. Ofangreind iðgjöld falla í eindaga síðasta dag næst mánaðar eftir laungreiðslu. Dráttavextir reiknast af greiðslum sem berast eftir eindaga.

Lífeyrissjóður:

Af heildarlaunum dregst 4% sem framlag launþega í lífeyrissjóð og á móti greiða atvinnurekendur 6%. Eindagi er sá sami og í kaflanum hér að ofan. Launþegar geta greitt 2% til viðbótar og leggur atvinnurekandi 0,2% á móti.

Verktakar:

Hér að ofan hefur verið fjallað um skil á gjöldum vegna almennra launþega. Verktaki sér hinsvegar sjálfur um skil á öllum opinberum gjöldum s.s. staðgreiðslu, tryggingagjald og greiðslum á gjöldum til sjóða og félaga.

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Íþróttafélagið Fylkir, kt. 481173-0359, með aðsetur að Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík leggur ríka áherslu á að vernda persónuupplýsingar sem unnið er með í starfseminni. Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að skýra hvernig við öflum og notum persónuupplýsingar og hvaða réttindi einstaklingar eiga sem skráðir eru hjá Fylki.

Sjá nánar persónuverndarstefnu Fylkis á [Hér má sjá persónuverndarstefnu Fylkis](#)

UMGJÖRÐ ÞJÁLFUNAR OG KEPPNI

STEFNA FÉLAGSINS

Aðalstjórn Íþróttfélagsins Fylki starfar í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglinga. Kennslu- og æfingaskrár einstakra deilda félagsins er hægt nálgast í handbók hvernar deildar fyrir sig.

Deildir félagsins taka hver um sig á móti nýjum iðkendum. Þeim ber að kynna þeim og forráðamönnum þeirra, ef við á, handbók deildarinnar.

Kennslu- og æfingaskrár einstakra deilda félagsins er hægt nálgast í handbók hvernar deildar fyrir sig. Handbækur einstakra deilda er hægt að nálgast á vef félagsins.

Komi upp hegðunarvandamál yngri iðkenda skulu þjálfarar gera viðkomandi stjórn viðvart. Stjórn skal kalla foreldra við viðtals. Sé niðurstaða viðtals að viðkomandi iðkandi þurfi stuðning við íþróttaiðkun sína skulu foreldrar sjá til þess að hann sé veittur. Ef ekki er hægt að veita stuðning geta deildir neitað iðkanda frekari þátttöku þar til úr hefur verið bætt.

ÞJÁLFRAR

Að þjálfarar sem starfa innan Íþróttafélagsins Fylkis hafi fagþekkingu á sviði þjálfunar og/eða kennslu í samræmi við kröfur sérsambanda hvernar greinar og menntakerfis Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

Stefna Fylkis er að þjálfarar hafi menntun samkvæmt kröfum ÍSí. Félagið hvetur til þess og styður við að þjálfarar sækji sér menntun sem og endurmenntun. Sækji námskeið á meðan þeir starfa við þjálfun til að auka við þjálfaramenntun sína.

Þjálfun þarf að vera skipulögð og markviss og taka mið af viðkomandi íþróttgrein sem og þarfa einstaklinga og hópa. Mikilvægt er að þjálfarar hafi þekkingu og færni til að leiðbeina iðkendum og hafi aðgengi að góðum leiðbeiningum og eða stefnu félagsins t.d. þjálfarastefnu ÍSí.

Þjálfarar Fylkis eru fyrirmyndir iðkenda sem og annara og skulu þekkja verkferla félagsins er varða umgengni, samskipti og reglur. Hver deild félagsins er sjálfstæð en í samstarfi við aðalstjórn setur menntunar og hæfniskröfur starfsmanna viðkomandi deildar. Aðstoðarþjálfari sé til staðar þar sem það á við.

Þjálfarar hjá Fylki eru fyrirmyndir iðkenda sem og annara og skulu þekkja verkferla félagsins er varða umgengni, samskipti og reglur. Hver deild félagsins er sjálfstæð en í samstarfi við aðalstjórn setur menntunar og hæfniskröfur starfsmanna viðkomandi deildar. .

Þjálfari sér um allar æfingar, leiki og keppnir á vegum flokksins eða hópsins. Ef iðkendafjöldi fer yfir 20 einstaklinga þá þarf að ráða aðstoðarmann með þjálfara. Ráðning aðstoðarþjálfara er í verkahring stjórnar viðkomandi deildar og yfirþjálfara. Þjálfari sér til þess að aðstæður séu í lagi og veitir iðkendum sínum bestu mögulegu þjálfun. Þjálfari skal í senn vera leiðbeinandi, fyrirmynd og umfram allt bera hagsmuni iðkenda sinna fyrir brjósti.

Samstarfsfundir þjálfara

Samráðsfundir þjálfara bæði innan deildar og innan félags séu haldnir. Haldnir eru fræðslufundir bæði á vorin og haustin þar sem allir þjálfarar félagsins koma saman og þar er farið yfir helstu áherslur skrifstofu. Auk þess er leitast við að bjóða uppá fræðslu þegar þjálfarar koma saman.

Félagsstarf

Íþróttafélagið Fylkir leggur mikla áherslu á að deildir félagsins sinni öflugum félagsstarfi samhliða æfingum.

Starfið fer bæði fram í aðstöðu félagsins og á öðrum stöðum þar sem boðið er upp á starf sem nýtist til að búa til góðan félagsanda og til að efla liðsheildina.

Einnig er lögð áhersla á að horfa út fyrir viðkomandi hóp og vinna með öðrum hópum innan félagsins eins og afreksfólki félagsins.

Skipulagning á félagsstarfinu kann að verða gerð í samvinnu við foreldrafélag, félagsmiðstöðvar, skólayfirvöld eða tómstunda- og íþróttaráð. Til dæmis foreldravöld, heimsóknir til annarra félaga, pizzuveisla, útivist, ratleikir og keppni í óhefðbundnum íþróttagreinum. Félagsstarfið skal unnið í samráði við foreldrafélög flokkanna.

ATBURÐARDAGATAL

Meðal atburða sem að íþróttafélagið Fylkir stendur fyrir eru:

- Herrakvöld Fylkis fastur liður í janúar.
- Góugleði Fylkis (mars)
- Síldarveisla fyrir lokaleik fótboltans
- Skötuveisla Fylkis 23 desember
- Leikmannakynningar deilda Flugeldabingó

Það þá standa deildir félagsins fyrir fjölmörgum viðburðum utan þeirra sem hér að ofan eru taldir

Foreldrastarf

Foreldrar barna í íþróttum skipa veigamikið hlutverk í starfsemi íþróttafélaga. Þar taka þeir þátt í margvíslegum verkefnum sem tengjast íþróttabátttöku barnanna og þ.a.l. heilbrigðum lífsstíl og félagslegu umhverfi þeirra.

Meginhlutverk foreldra er að standa vörð um um hagsmuni iðkenda, efla samskipti milli þeirra og foreldra sem og á milli stjórnenda og þjálfara. Foreldraráð er skipað við upphaf hvers tímabils í deildum og flokkum

Það sem meðal annars í verkefnahring foreldraráða að mati aðalstjórnar:

- Fjáraflanir undirbúnar og skipulagðar
- Keppnisferðir skipulagðar
- Vinna við mótahald skipulögð
- Hafa umsjón með félagsstarfi í samráði við þjálfara
- Standa vörð um hagsmuni iðkenda í flokknum
- Efla tengsl heimilis og íþróttafélags
- Efla samskipti iðkenda/foreldra annars vegar og stjórnenda/þjálfara hins vegar
- Stuðla að bættri vellíðan iðkanda í leik og starfi
- Stuðla að betri árangri í starfi deildarinnar.

Fræðsla og forvarnir:

Stefna félagsins varðandi áfengis/tóbaksneyslu tekur mið af stefnu ÍSÍ í þeim málum. Áfengis/tóbaksneysla er ekki leyfileg á meðan keppni/æfingar eiga sér stað, þetta á líka við um munntóbak/neftóbaksneyslu, allt slíkt er bannað á íþróttasvæði félagsins. Þetta á einnig við um alla þá sem koma að starfi félagsins, starfsmenn, þjálfarar, stjórnarmenn og sjálfboðaliðar.

Forvarnargildi íþróttar er mikið og leggur Íþróttarfélagið Fylkir áherslu á að efla allt íþróttastarf í félaginu fyrir alla aldurshópa. Fjölmargar íslenskar rannsóknir hafa sýnt að þátttaka barna- og unglunga í skipulögðu íþróttastarfi dregur úr líkum á að unglingar leiðist út í frávíkshæðun. Þeir unglingar sem leggja reglulega stund á íþróttir eða aðra hreyfingu eru síður líklegir til að sýna neikvætt atferli en aðrir jafnaldrar þeirra. Íþróttaiðkun almennings er einn af lykilþáttum sem geta haft áhrif á lífsstíl fólks í átt að heilbrigðara lífennis. Inn á heimasíðu félagsins, fylkir.is, er hægt að finna forvarnarstefnu félagsins sem deildin fylgir eftir.

[Hér má finna forvarnarstefnu Fylkis](#)

Skilgreiningar á einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum byggist á reglugerð nr. 1009/2015, um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

- Einelti: síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir.
- Kynbundin áreitni: Hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógnandi, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi fyrir viðkomandi.

- Kynferðisleg áreitni: Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/eða líkamleg.
- Ofbeldi: Hvers kyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálræns skaða eða þjóninga þess sem fyrir henni verður, einnig hótun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis

Viðbragðsáætlun vegna eineltis er virkt um leið og það kemur upp og reynt að leysa eins fljótt og unnt er. Málið er rætt, öllum gefið færi á að segja sína hlið á málinu og leysa misskilning. Finna rót vandans og útkljá mál með samtali. Eiga almennt samtal um hegðun og framkomu við þá sem tengjast tiltekna máli og vinna markvisst að betri samskiptum og bættari menningu innan hópsins. Þá er einnig hægt að fá æskilega fræðslu fyrir þá sem um ræðir.

Allar birtingamyndir ofbeldis/áreitni er með öllu fordæmt innan deildarinnar og má ekki gera íþróttastarfið tortryggilegt, fyrir iðkendum, foreldrum, sjálfboðaliðum og öðrum félagsmönnum. Öllum þeim sem koma að starfi deildarinnar skal sýnd kurteisi og virðing í öllum samskiptum. Iðkendur eru fræddir um stefnu félagsins í öllum birtingarmyndum eineltis. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á því að slík fræðsla fari fram hjá öllum deildum félagsins.

Viðbrögð þegar ofbeldi/áreitni á sér stað innan deildarinnar er að hafa samband við viðeigandi fagaðila, barnavernd, lögreglu, æskulýðasvettvanginn og/eða ÍBR. Tekið skal á öllum tilkynningum alvarlega, sýna viðkomandi framkomu og halda ró sinni. Hlusta vel á frásögn viðkomandi án þess að trufla. Standa vörð um viðkomandi og gera allt sem hægt er til að hann verði áfram virkur þátttakandi í félaginu.

Deildin vinnur eftir viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs, eins og allar aðrar deildir innan félagsins gera. Samkiptaráðgjafi íþrótt- og æskulýðsstarfs er óháður aðili sem styður við, leiðbeinir og aðstoðar þá sem hafa upplífað einhverskonar ofbeldi eða einelti í slíku starfi.

Þeir sem telja sig hafa orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi, einelti í sínu íþrótt
eða æskulýðsstarfi eða eru jafnvel ekki vissir, geta leitað til og fengið
ráðgjöf, sér að kostnaðarlausu.

[Hér má finna Viðbragðsáætlun íþrótt/og æskulýðsstarfs](#)

Neysla tóbaks og vímuefna iðkenda undir 18 ára aldri, er tilkynnt foreldrum fyrirvaralaust. Foreldrum iðkenda er upplýst um stefnu félagsins í vímuefnamálum og óskar eftir góðu samstarfi við þau í þeim málum. Viðurlög við brotum á þessum reglum hjá iðkendum eru tilmæli og ábending. Ef slík tilmæli/ábending skilar ekki tilteknum árangri gæti komið til frekari refsinga að hálfu deildarinnar. Það getur til dæmis verið tímabundið bann frá æfingum/keppni. Hlutverk þjálfara er að vinna eftir þessari stefnu félagsins, framfylgja henni og stuðla að fróðleik um vímuvarnir almennt og hvaða áhrif slík neysla hefur á árangur í íþróttum.

Árið 2020 tók til starfa samskiptaráðgjafi eftir að mennta og menningarmálaraðuneytið setti lög um starfið haustið áður.

Samskiptaráðgjafi hefur það markmið að auka öryggi í íþrótt- og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna. Markmiðið er að allir geti tekið virkan þátt á sínum vettvangi og jafnframt leitað sér aðstoðar eða leitaðréttar síns vegna atvika og misgerða sem hafa átt sér stað án þess að óttast afleiðingar. Þegar erfið mál koma upp innan félagsins, sem kalla á frekari aðstoð, er samskiptaráðgjafinn sá sem leiðbeinir félaginu í fyrstu skrefum málsins. www.samskiptaradgjafi.is.

Jafnréttismál- & velferðarmál:

Íþróttafélagið Fylkir leggur mikla áherslu á að allir eigi jafnan rétt til þátttöku í íþróttum hjá félaginu og eru fordómar af öllu tagi ólíðandi innan félagsins. Fylkir leggur alla áherslu á að sinna kröfum beggja kynja til jafns. Fordómar eru þegar einhver er áreittur, útilokaður, sniðgenginn eða mismunað vegna útlits, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kayngervis, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra ástæðna. Jafnréttisstefna Fylkis er unnin í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 og einnig styðst félagið við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í öllu sínu starfi. Velferð iðkenda skiptir öllu máli og samþykkir félagið aldrei ofbeldi af neinu tagi. Inn á heimasíðu félagsins er hægt að finna jafnréttisstefnu félagsins sem deildin vinnur eftir jafnréttisstefnu félagsins.

[Hér má finna jafnréttisstefnu Fylkis](#)

Jafnréttisáætlun Fylkis byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Jafnréttisáætlunin er jafnframt byggð á vinnu Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og Jafnréttisstofu um gerð jafnréttisáætlana fyrir íþróttafélög og leiðbeiningar þess efnis. Þessari áætlun vinnur deildin eftir eins og allar aðrar deildir innan félagsins. [Hér má finna jafnréttisáætlun Fylkis](#)

Fylki er umhugað um líðan iðkenda sinna, og tekur allri vanlíðan, líkamlegri sem andlegri, mjög alvarlega. Markmið Fylkis er að öllum iðkendum líði vel. Félagið er með þá stefnu að bæði kyn séu í stjórn félagsins/deildarinnar svo raddir og sjónarmið beggja kynja heyrist. Þjálfarar, óháð kyni, njóti sömu kjara og óháð hverja þeir þjálfar.

Siðareglur:

Markmið félagsins með siðareglum er að veita félagsmönnum sínum almennar leiðbeiningar í leik og starfi. Þær eru hluti af þeim anda sem á að vera ríkjandi í Fylki og þurfa að njóta almenns stuðnings meðal allra. Reglurnar skulu vera hvetjandi og leiðbeinandi í senn og skal kynna öllum innan félagsins. Reglurnar eru ekki eingöngu leiðbeinandi heldur geta þær haft refsíákvæði af ýmsum gerðum.

[Hér má finna siðareglur Fylkis](#)

UMHVERFISMÁL

Íþróttastarfið þarf að fara fram í sátt við umhverfið. Mikilvægt er að halda umhverfinu hreinu. Fyrir utan jákvæð áhrif á þá sem starfa í íþróttahreyfingunni hefur það líka jákvæð áhrif á sveitarfélög, almenning, styrktaraðila og ríkisvald. Félagið hefur sett sér stefnu í umhverfismálum:

- Félagið hvetur til sparnaðar í keyrslu með því að sameinast um bíla þegar sækja þarf mót eða keppni út fyrir borgina
- Félagið hvetur til sparnaðar í keyrslu með því að niðurgreiða rútukostnað þegar sækja þarf útileiki.
- Íþróttasvæðið er reyklaust
- Hugað er að aðgengi fyrir fatlaða
- Tiltekt fer fram á svæði reglulega
- Iðkendur verði hvattir til að hjóla til æfinga þegar kostur er.
- Iðkendur skuli fara vel með áhöld og búnað þannig að sem lengst ending verði tryggð

Íþróttafélagið Fylkir hvetur iðkendur, forráðamenn og aðra gesti að flokka í sérmerktar tunnur, allan úrgang, flöskur, pappa og plast.

Árið 2022 hóf íþróttafélagið Fylkir innleiðingu á rafrænum lausnum í samstarfi við Coredata. Helsta markmiðið er að bæta þjónustu við deildirnar og hagræða í rekstri. Þetta felur í sér hýsingu og uppbyggingu gagnabanka og uppfærsla á bókhaldi þar sem á að nýta rafrænar bókhaldslausnir.